

Verkefni: Aðalfundur Gígjunnar 2004
Dagsetning fundar: 11.09.2004
Tímasetning fundar: 16:00 – 18:00
Fundarstaður: Söngskólinn Domus Vox,
Skúlagötu 30, 101 Reykjavík

Fundarmenn:

23 konur úr aðildarkórum Gígjunnar mætar til fundarins.

Fundarstjóri:

Helga Arngrímsdóttir, Vox feminae

Fundarefni og niðurstöður fundar:**1. Skýrsla stjórnar**

Fyrsti formaður Gígjunnar, Guðrún Karlsdóttir, Kvennakór Suðurnesja, fór yfir skýrslu stjórnar frá síðasta ár.

2. Endurskoðaðir reikningar

Endurskoðaðir reikningar samtakanna lagðir fram til skoðunar. Kristín Ingimundardóttir gjaldkeri Gígjunnar útskýrði reikningana og svaraði spurningum. Reikningar samþykktir einróma.

3. Stjórnarkjör

Fundurinn kaus í aðal- og varastjórn Gígjunnar fyrir næsta starfsár. Eftirtaldir einstaklingar skipa stjórn Gígjunnar starfsárið 2004 - 2005:

Aðalstjórn:

Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir (SA)	Formaður	Vox feminae
Kristín Ingimundardóttir (KI)	Gjaldkeri	Kvennakór Hafnafjarðar
Heiða Gunnarsdóttir (HG)	Ritari	Gospelsystur Reykjavíkur
Ásdís Helga Bjarnadóttir (ÁHB)	Meðstjórnandi	Freyjukórinn Borgarfirði
Ásdís Hjálmtýsdóttir (ÁH)	Meðstjórnandi	Kvennakór Reykjavíkur

Varastjórn:

Ásdís Björnsdóttir (ÁB)	Varamaður	Vox feminae
Hildur Alexía Pálsdóttir (HAP)	Varamaður	Gospelsystur Reykjavíkur
María Vilhjálmsdóttir (MV)	Varamaður	Kvennakór Garðabæjar

4. Ákvörðun árgjalds

Fundurinn ákvað árgjald samtakanna fyrir starfsárið 2004 - 2005, kr. 200 á hvern félagsmann. Gjaldið skal hver kór greiða að hausti ár hvert. Kristín gjaldkeri mun bera ábyrgð á að senda kórum innheimtubréf með upplýsingum um bankalínu samtakanna.

5. Önnur mál

- Fundarboð ítrekuð. María (Kvennakór Garðabæjar) óskaði eftir því að fundarboð fyrir aðalfund væru ítrekuð til að koma í veg fyrir að

aðildarfélagar gleymdu fundinum.

- Styrkir til bæjar- eða sveitarfélaga. Freyja (Kyrjukórinn) óskaði eftir upplýsingum um það hvernig best væri að bera sig að við umsóknir um styrki til bæjar- eða sveitarfélaga.
- Norrænt kvennakóramót. Ásdís (Kvennakór Reykjavíkur) sagði frá því að haldið yrði norrænt kvennakóramót í Svíþjóð í september 2005. Sigrún Þorgeirsdóttir (Stjórnandi Kvennakórs Reykjavíkur) er íslenski tengiliðurinn vegna mótsins. Nánari upplýsingar um mótið verða sendar til aðildarkóra um leið og þær berast.
- Byrjunarörðugleikar, hægt farið af stað. Ingibjörg Guðjónsdóttir (Kvennakór Garðabæjar) gagnrýndi starfsemi stjórnar Gígunnar á síðasta ári, en henni fannst lítið gert og stjórnin vera mjög ósýnileg, sértaklega þar sem heimasíðan var óvirk og ekkert viðhaldið. Hún lagði á það áherslu við nýja stjórn að upplýsingaflæðið þyrfti að vera betra og aðildarkóra þyrftu að fá fréttir af því sem er að gerast, t.d. með tölvupósti. Hún bindur miklar vonir við nýja stjórn.
- Er Gígjan orðin réttthafi af sjóði Samtaka flytjenda og hljómplötuútgefenda, SFH? Guðrún Hilmisdóttir (Kvennakór Reykjavíkur) spyr hvort Gígjan sé ekki orðin réttthafi að styrk úr sjóði SFH sem landsamtök kóra hafa aðgang að. Guðrún Karlsdóttir (Kvennakór Suðurnesja) sagði að málið væri í vinnslu.
- Fjölís, gjald fyrir ljósritun. Guðrún Karlsdóttir sagði frá stefnu Fjölís að rukka hvern meðlim í öllum kórum landsins um 1.100 krónur á önn fyrir ljósritun á efni fyrir kórana. Fundinum fannst gjaldið vera of hátt og fór fram á að stjórnin semdi um þetta mál við Fjölís. Ásdís Björnsdóttir (Vox feminae) spurði hvort þessi krafa frá Fjölís stæðist íslensk lög.
- Vel heppnað söngferðalag Jórúksins. Ragnhildur (Jórúkurinn) vildi koma því á framfæri að kórinn fór í söngferðalag til Salsburgar s.l. vor sem tókst með miklum ágætum. Hún benti á að Gígjan væri einmitt vettvangur til þess að miðla upplýsingum um hvernig hægt væri að skipuleggja kórferðir. Mikil reynsla væri í sumum kórum sem nauðsynlegt væri að koma til aðildarkóranna. Hún nefndi að upplýsingar um allt frá fjáröflun til heimkomu ætti að vera hægt að finna á heimasíðu landssamtakanna, www.gigja.is.
- Nýr geisladiskur frá Jórúksnum. Ragnhildur (Jórúkurinn) sagði frá því að Jórúkurinn hefði gefið út geisladisk fyrir síðustu jól, hún var með diskinn til sölu á fundinum.
- Horft til framtíðar. Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir (Vox feminae) nýkjörinn formaður Gígunnar tók til máls og sagðist binda miklar vonir við nýkjörna stjórn og lagði á það áherslu að byrjunarörðugleikarnir væru vonandi að baki.
- Fleira gerðist ekki og var fundi slitið